

10. desember 2021

Tilv.: 2112012

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 1. desember 2021 óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2022, 1. mál.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til einstakra greina frumvarpsins heldur horfir hann fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármálanna. Í frumvarpinu kemur fram að halli á frumjöfnuði ríkissjóðs í ár verði minni en áætlað var í fjármálaáætlun 2022-2026 sem lögð var fram sl. vor en það skýrist að miklu leyti af endurmati á afkomu ársins 2021. Þetta er í meginatriðum áþekkt þeirri mynd sem dregin var upp af horfunum fyrir þróun aðhalds ríkisfjármála í Peningamálum 2021/4 sem gefin voru út í nóvember sl.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 170 ma.kr. halla á heildarafkomu ríkissjóðs 2022 og að í lok þess árs nemi skuldir ríkissjóðs 34% af vergri landsframleiðslu. Í fjármálastefnu fyrir árin 2022 til 2026 er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs batni ár frá ári frá 2022 til 2026 og að hækkun skuldahlutfalls hins opinbera verði stöðvuð árið 2026. Seðlabanki Íslands telur brýnt að sýnt verði sem allra mest aðhald í ríkisfjármálum og að jafnvægi náist sem fyrst. Það myndi gera peningastefnunni auðveldara fyrir.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri